



## REGLUGERÐ UM MENNINGARSJÓÐ REYKJANESBÆJAR

### 1. grein.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður og er í umsjón Menningarráðs Reykjanesbæjar.

### 2. grein

Styrkumsóknir skulu auglýstar í byrjun árs og svör skulu liggja fyrir ekki síðar en í mars. Gagnsæi og vönduð vinnubrögð skulu höfð að leiðarljósi við úthlutun styrkja.

### 3. grein

Fjárframlag til sjóðsins er samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar ár hvert auk þess sem sjóðurinn tekur við frjálsum framlögum sem ætluð eru til menningarmála í Reykjanesbæ.

### 4. grein

Menningarráð, að höfðu samráði við menningarfulltrúa, afgreiðir umsóknir um alla styrki til menningarmála fyrir hönd bæjarstjórnar. Umsóknum skal skilað til menningarfulltrúa. Styrkjum skal úthlutað einu sinni á ári.

### 5. grein

Menningarráð getur í samráði við menningarfulltrúa haft frumkvæði að styrkveitingum og/eða viðurkenningum til félaga, fyrirtækja eða einstaklinga ef það er álit ráðsins og menningarfulltrúa að viðkomandi hafi stuðlað með einum eða öðrum hætti að framgangi menningar í Reykjanesbæ.

### 6. grein

Markmið verkefna og áætlanir um framkvæmd þeirra skulu vera skýrar og raunhæfar hvað varðar kostnað, tímasetningar og kröfur til ábyrgðarmanna. Listrænt og/eða fræðilegt gildi verkefnisins þarf að vera ljóst. Sýnt skal fram á að styrkurinn sé líklegur til að efla menningarstarfsemi í Reykjanesbæ. Styrkurinn afhendist að verkefninu loknu og verkefnið skal unnið á því fjárhagsári sem úthlutað er, annars fellur styrkurinn niður.

Endurskoðuð og samþykkt í Menningarráði Reykjanesbæjar 11. janúar 2019